
Starfslýsing

Yfirmaður: Forstöðumaður veitna

Stofnun / deild Framkvæmdasvið

1. Stjórnskipun, ábyrgð, markmið og meginviðfangsefni

Starfið heyrir undir framkvæmdasvið og ber starfsmaður ábyrgð á daglegri stjórnun, umsjón og eftirliti með rekstri veitna í Fjarðabyggð. Veitur á svæðinu eru hitaveita Eskifjarðar, fjarvarmaveita á Norðfirði og Reyðarfirði ásamt vatns- og fráveitu í Fjarðabyggð. Sinnir viðhaldi og framkvæmdum við veitur með aðstoð starfsmanna þjónustumiðstöðva Fjarðabyggðar og verktaka. Tekur þátt í mótun og gerð þjónustustefnu fyrir hita-, fjarvarma-, vatns-, og fráveitu með yfirmanni. Einnig við mótun og gerð gæðakerfa fyrir veitur og vinnu samkvæmt þeim. Umsjón með þjónustu við aðrar deildir Fjarðabyggðar, samkvæmt verkbeiðnum eða samningum.

2. Helstu verkefni

2.1. Almennt

- Stjórnar þeim verkum sem falla undir ábyrgðarsvið og eru á verkáætlun.
- Hefur eftirlit með ástandi veitukerfa og tryggir viðhald þess.
- Skipulagning og áætlunargerð vegna fyrirbyggjandi viðhalds.
- Eftirlit með þrífum og viðhaldi á starfsstöðvum og öðru húsnæði veitna og að umhverfi sé snyrtilegt og vel um gengið.
- Skipuleggur einstök verkefni sem yfirmaður felur honum.
- Ber ábyrgð á gerð reikninga vegna veittrar þjónustu.
- Pantar varahluti í búnað, vélar og tæki og gætir þess að fylgt sé gildandi fjárhagsáætlun.
- Annast eða lætur framkvæma nýlagnir og viðgerðir á lögnum.
- Hefur frumkvæði að lausn verkefna á því sviði sem undir hann heyra og hann starfar að.
- Ábyrgð á daglegum rekstri bíla, véla og tækja sem tilheyra veitum.
- Ræður verktaka til verkþátta, fylgist með tímaskrift þeirra og staðfestir hana á dagseðli.
- Umsjón með verktökum, eftirlit, mælingar o.þ.h.
- Upplýsingamiðlun til íbúa sveitarfélagsins.

2.2. Stjórnsýsla, nefndir og stefnumótun

- Eftirlit með að lögum og reglugerðum er varðar rekstur málaflokka veitnanna í samstarfi við sviðsstjóra.

Veitustjóri I

2.3. Fjármál

- Innkaup.
- Staðfesting útgjalda á kostnaðarstað með uppáskrift.
- Tillögur að framkvæmda- og fjárhagsáætlun vegna reksturs og framkvæmda veitna í samvinnu við forstöðumann veitna.

2.4. Teymisvinna

- Þátttaka í starfi veitusviðs með öðrum starfsmönnum sviðsins.
- Teymisvinna með öðrum starfsmönnum Fjarðabyggðar, ráðgjöfum og verktökum.

2.5. Samskipti

- Við íbúa Fjarðabyggðar, en leitast skal eftir að sem best tengsl verði við bæjarbúa.
- Við starfsmenn Fjarðabyggðar.
- Við fyrirtæki innan sveitarfélagsins vegna viðhalds og framkvæmda.
- Við Heilbrigðiseftirlit Austurlands vegna sýnatöku og eftirlits.

2.6. Önnur verkefni

- Önnur tilfallandi verkefni sem yfirmaður veita felur starfsmanni.
- Er staðgengill forstöðumans veitna í fjarverum hans.
- Sækir námskeið í samráði við yfirmann og aflar sér nýrrar þekkingar.

3. Hæfni- og samstarfsmarkmið

3.1. Menntun og reynsla

- Tækni- eða iðnmenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af rekstri og framkvæmdum.
- Þekking á áætlanagerð.
- Þekking á helstu upplýsingatæknikerfum sem notuð eru í sveitarfélaginu.
- Bílpróf.

3.2. Hæfnispættir

- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Fjarðabyggð _____

Yfirmaður

Starfsmaður